



ÞAR ER LEIKUR AÐ LÆRA- ÍSLENSKU

AÐ KOMA TIL MÓTS VIÐ FORELDRA AF ERLENDUM UPPRUNA



ÞAR ER LEIKUR AÐ LÆRA - ÍSLENSKU
að koma til móts við foreldra af erlendum uppruna

Verkefnisstjóri: Iris Rún Andersen,
sérkennslustjóri á Iðavelli

Samstarfsaðili: Miðstöð skólaþróunar
við Háskólann á Akureyri

Númer samnings: UMS-57



Leikskólinn Iðavöllur
v/ Gránufélagsgötu
600 Akureyri
414-3740
idavollur@akureyri.is

Miðstöð skólaþróunar
Sólborg við Norðurslóð
600 Akureyri
460-8590
msha@msha.is

Þar er leikur að læra íslensku –
Að koma til móts við foreldra af erlendum uppruna
Verkefni - skólaárið 2017-2018



Móttökuáætlun

- **Verklagsreglur**
- Hvernig viljum við taka á móti börnum af erlendum uppruna?
- **Undirbúningur**
- Viðtöl við deildarstjóra
- Viðtöl við foreldra í 3-6 mánaða viðtölum
- Rafræn könnun fyrir starfsfólk
- Rýnihópar
- **Úrvinnsla**
- Verkefnastjóri og málræktarnefnd taka saman niðurstöður og vinna áætlun



Handbók

- **Dagskipulag**
- Hvað er gert í hverri stund?
- Hvað er verið að æfa/læra?
- **Skóladagatal**
- Hvað liggur að baki tyllidögum?
- Hvað er gert í leikskólanum?
- Til hvers er ætlast af foreldrum?
- **Unnið af kennurum í leikskólanum**



Orðabækur

- Orðalistar með grunnorðaforða málsins
- Unnið með ákveðin þemu
- Búin til verkefni í Bitsboard og þeim deilt með foreldrum
- Námskeið fyrir foreldra, kynning á smáforritinu og möguleikum þess. Farið yfir hvernig hægt er að vinna með orðin heima í gegnum leiki og daglegt líf
- Foreldrar lesa inn á listana á sínu móðurmáli

Markmið þróunarverkefnisins:

- Að auka tengsl foreldra af erlendum uppruna við leikskólann
- Að efla öryggi foreldra af erlendum uppruna í samskiptum við starfsfólk
- Að styðja við íslenskunám barna og foreldra af erlendum uppruna

Leiðir sem valdar voru til að ná markmiði

Móttökuáætlun

Þróuð var móttökuáætlun fyrir börn af erlendum uppruna. Áætlunin er byggð á rannsóknum á samstarfi við foreldra af erlendum uppruna, rafrænni könnun sem starfsfólk lðavallar svaraði, viðtölum við deildarstjóra og viðtölum við foreldra leikskólabarna af erlendum uppruna. Viðtölin voru tekin eftir að aðlögun lauk haustið 2017. Spurningalistar til starfsfólks voru lagðir fyrir í september 2017.

Í móttökuáætluninni er lögð áhersla á að taka vel og faglega á móti börnum af erlendum uppruna og foreldrum þeirra. Farið er yfir þau atriði sem þarf að undirbúa varðandi móttöku/aðlögun og lögð áhersla á að byggja upp traust og jákvæð samskipti á milli foreldra og starfsfólks leikskólans. Leitað er leiða til að koma til móts við ólíkar þarfir fjölskyldna, svo sem með mismunandi útfærslum á aðlögun barnanna og samskiptum við foreldra.

Móttökuáætlunin er aðgengileg á vefsíðu skólans á eftirfarandi slóð:

http://idavollur.is/?page_id=5310

Handbók

Búin var til handbók fyrir foreldra um leikskólann í rafrænu formi. Handbókin inniheldur aðgengilega lýsingu á leikskólastarfinu, með myndum og útskýringum á helstu viðburðum og upptakomum starfsársins, t.d. hvað gert er í leikskólanum á konudegi/bóndadegi og hvert er hlutverk foreldra á hverjum viðburði. Til að byrja með verður handbókin gefin út á íslensku,

pólsku og ensku en gert ráð fyrir að hún verði smám saman þýdd á fleiri tungumál eftir því sem þörf er á og tækifæri gefast.

Markmiðið með handbókinni er að foreldrar verði öruggari í sínu hlutverki og viti til hvers er ætlast hverju sinni, samhliða því sem þeir kynnast íslenskri menningu. Von okkar er sú að með auknu upplýsingaflæði verði foreldrar virkari þátttakendur í starfinu og eigi auðveldara með að ræða við börnin sín um daglegt starf. Handbókin auðveldar einnig starfsfólki að eiga samskipti við foreldra, útskýra menningartengda viðburði og opna þeim leið inn í skólastarfið.

Handbókin er aðgengileg á vefsíðu skólans á íslensku, ensku og pólsku á eftirfarandi slóð:

http://idavollur.is/?page_id=5296

Orðabækur

Orðabókavinnan er enn í þróun og er unnin í samstarfi við Miðstöð skólaþróunar við Háskólann á Akureyri. Skólaárið 2016-2017 hófst vinna út frá orðabæmum með tvítyngdum börnum á Iðavelli og hefur sú vinna gengið vel. Unnið er með orðabæmu í ákveðinn tíma á fjölbreyttan hátt, m.a. í gegnum leik og daglegt starf sem og í smáforritinu Bitsboard. Bitsboard gefur notendum möguleika á að búa til sín eigin verkefni og leiki út frá myndasöfnum. Einnig er hægt að skoða myndirnar og hlusta á orðin. Myndasöfnunum geta foreldrar hlaðið niður í smáforritið heima en á vorönn 2018 voru einnig keyptar spjaldtölur sem leikskólinn getur lánað heim.

Á MSHA er kennsluefnið *Orðaleikur* í vinnslu, kennsluefnið samanstendur af handbók um orðaforðanám fyrir leikskóla og orðabæmum með teikningum sem ná yfir grunnorðaforða í íslensku fyrir börn á leikskólaaldri. Inga María Brynjarsdóttir myndlistamaður hefur tekið að sér að teikna myndirnar. Lögð er áhersla á þann orðaforða sem börn þurfa til að geta orðið virkir þátttakendur í leikskólastarfinu og átt samskipti við jafnaldra sína og leikskólakennara. Orðin eru valin út frá nokkrum yfirflokkum sem taka til daglegs lífs, svo sem: matur og næring, leikir og leikföng, líkaminn og heimilið. Lagt er upp með að byrja á að teikna myndir sem geta stutt við aðlögun barna og fyrstu dagana í leikskólanum. Teikningarnar er hægt að nota á fjölbreyttan hátt

til að styðja við mál, skilning og tjáningu, t.d. er hægt að setja upp myndrænt skipulag fyrir börnin, merkja hluti, búa til spil og málræktarverkefni.

Á vorönn 2018 hófst vinna við að búa til rafrænar orðabækur í Bitsboard smáforritinu út frá teikningum Ingu Maríu og kennsluefninu *Orðaleikur* en áður höfðu verið notaðar myndir af netinu til að búa til orðasöfn. Áætlað er að byrjað verði að vinna markvisst með orðasöfnin í samstarfi við foreldra haustið 2018. Þá er hugmyndin að unnið verði á fjölbreyttan hátt með orðin í leikskólanum en einnig verði möguleiki á að lána heim bakpoka með spjaldtölvum, bókum og öðru efni sem tengist orðanáminu. Heima geta börnin skoðað efnið með foreldrum sínum, kynnt íslensku orðin fyrir þeim og lært sömu orð á móðurmálinu. Á þennan hátt viljum við styðja bæði við móður- og íslenskunám barna og foreldra. Einnig langar okkur til að fá foreldra til að lesa inn á orðasöfnin á sínu tungumáli en þannig verða til orðabækur með réttum framburði sem hægt er að nýta til samskipta við börnin í leikskólanum. Sótt var um styrki til nokkurra fyrirtækja til kaupa á bakpokum og spjaldtölvum til að senda orðalistana heim með börnunum. Nokkur fyrirtæki sýndu verkefninu áhuga og fékk það veglegan styrk frá Eflu, KEA og Norðurorku.

Haustönn 2017

Á haustönn 2017 var lögð áhersla á vinnu við móttökuáætlun. Forvinna fyrir móttökuáætlun var töluverð og fólst m.a. í að farið var í saumana á fyrirkomulagi aðlögunar og móttökusamtala með spurningalistakönnun sem allir starfsmenn svöruðu, viðtölum verkefnastjóra við deildarstjóra og viðtölum verkefnisstjóra við foreldra að aðlögun lokinni. Lögð var áhersla á að skoða rannsóknir og vinnubrögð sem hafa gefist vel annarsstaðar.



Markvisst málörvunarstarf sem komið var á skólaárið 2016-2017 með þróunarverkefninu *Þar er leikur að læra – að koma til móts við nemendur af erlendum uppruna* hélt áfram af krafti. Hver deild skipulagði starfið eftir hentugleika og vann með orðaþemum með það að markmiði að auka orðaforða barnanna á markvissan hátt í gegnum leik, daglegt starf og málörvunartíma sniðna að þörfum tvítyngdra barna í litlum hópum. Byggt var á niðurstöðum rannsókna á hvaða þættir skipta máli þegar unnið er með málþroska og nám tvítyngdra. Einnig var hugmyndafræði um snemmtæka íhlutun, skóla fyrir alla og menningarlegan margbreytileika lögð til grundvallar.

Vorönn 2018

Á vorönn 2018 var lögð áhersla á vinnu við handbók og lokahönd var lögð á vinnu við móttökuáætlun. Allir starfsmenn tóku þátt í vinnunni með einhverjum hætti en Iris og Ólöf leiddu vinnuna. Handbókin var þýdd yfir á ensku og pólsku sömuleiðis. Handbókin (á þremur tungumálum) og móttökuáætlunin verða aðgengileg á vef lðavallar www.idavollur.is

Ólöf Jónasdóttir var ráðin í 50% stöðu til að styðja við kennara í starfi þeirra með tvítyngdum börnum og halda utan um málræktarvinnu leikskólans. Ólöf tók einnig þátt í námskeiði sem Akureyrarbær í samstarfi við Miðstöð skólapróunar og kennaradeild HA bauð grunnskólakennurum á Akureyri upp á og fjallaði um nám nemenda af erlendum uppruna. Námskeiðið skiptist í þættina: Menning og viðhorf, menning og félagsleg samskipti, tvítyngi og fjöltýngi, orðaforðavinna og notkun snjalltækja.

Iris og Ólöf fóru og kynntu sér starfið í leikskólanum Öspinni og leikskólanum Holtinu sem eru í Breiðholti í Reykjavík en þar er mikil reynsla af starfi með foreldrum og börnum af erlendum uppruna. Heimsóknin gagnaðist starfmönnum vel og mjög áhugavert að sjá jákvætt viðhorf þeirra og nálgun á fjölmenningu, sjá hvaða námsefni þau nýta í málörvun og hvernig samstarfið er milli leikskóla, grunnskóla, heilsugæslu og talmeinafræðinga í hverfinu. Í heimsókninni gafst tækifæri til þess að fá greinargóðar upplýsingar frá leikskólastjórunum og öðru starfsfólki, sem nýttist vel í áframhaldandi starfi okkar á lðavelli.

Í vinnustofum með starfsfólki voru eftirtalin atriði tekin fyrir:

- Kynntar niðurstöður úr starfsmannakönnun
- Kynntar niðurstöður úr foreldraviðtölum
- Allir starfsmenn unnu að umsögnum um tyllidaga leikskólans fyrir handbókina
- Uppkast af móttökuáætlun, móttökusamtali og handbók leikskólans skoðað og rætt áður en lokaútgáfa varð til

Starfsmannakönnun

Í starfsmannakönnun sem lögð var fyrir haustið 2017 kemur fram að starfsfólk telur núverandi skipulag á aðlögun þarfnast úrbóta, það sér þó ýmsa jákvæða fleti á aðlögunarferlinu og nefnir t.d. að starfsfólk sé almennt jákvætt, foreldrar oftast ánægðir og að samskipti gangi vel. Undirbúningur fyrir aðlögun er góður og þátttökuaðlögun heppileg leið til að ýta undir tengslamyndun kennara og foreldra og eins á milli foreldra í foreldrahópnum.

„Færri börn í aðlögunarhópnum, fleiri kennara til að sinna samskiptum við erlenda foreldra, fyrstu kynni og fyrstu skrefin skipta svo miklu máli.“

Starfsmenn sjá ýmsar leiðir til að bæta aðlögunarferlið og telja 89% starfsmanna að aukið upplýsingaflæði til foreldra á þeirra tungumáli um leikskólann, foreldrasamstarf og íslenska menningu geti verið til bóta. 83% starfsmanna vilja auka túlkþjónustu á meðan að á aðlögun stendur. 50% starfsmanna telja mikilvægt að foreldrar fái lykilmálinn innan leikskólans sem tekur þátt í aðlögun með fjölskyldunni og sé henni innan handar eftir að aðlögun líkur og 44% starfsmanna vilja sjá aukið upplýsingaflæði frá foreldrum til skóla, t.d. ítarlegri samtöl sem gefa betri bakgrunnsupplýsingar um barnið og fjölskylduna. Önnur atriði sem nefnd voru í tengslum við aðlögun eru t.d. að nota orðabækur fyrir börnin, syngja og nota orð á tungumáli barnsins, hafa færri börn í aðlögunarhópnum og fleiri kennara til að sinna foreldrum á meðan á aðlögun

stendur. Auka notkun myndræns stuðningsefnis og samræma betur aðferðir og upplýsingagjöf í leikskólanum.

95% starfsmanna telja samstarf við foreldra vera mikilvægan þátt í starfinu og 69% telja sig örugga eða mjög örugga þegar kemur að samskiptum við foreldra af erlendum uppruna.

Upplifun starfsmanna af samstarfi við foreldra er almennt góð, óöryggi kemur einna helst fram vegna tungumálakunnáttu. Fram kemur að starfsmenn eru öruggari þegar foreldrar tala ensku. Þegar miðlun upplýsinga á milli heimila og skóla er brotakennd upplifa allir óöryggi.

Í starfsmannakönnuninni komu fram eftirfarandi hugmyndir starfsmanna um eflingu á samstarfi við foreldra:

- Skapa markvissa stefnu og vinnuferðir varðandi aðlögun – móttökuáætlun
- Auka upplýsingaflæði varðandi leikskólann til foreldra á mismunandi tungumálum
- Auka og nýta betur túlkapjónustu
- Auka myndrænar upplýsingar í leikskólanum fyrir foreldra og börn
- Aðlaga börn í minni hópum
- Blanda börnum af erlendum uppruna í aðlögunarhópa
- Úthluta hverri fjölskyldu lykilpersónu í upphafi skólagöngu
- Eiga tilbúna stuttar myndaorðabækur með algengum orðum til að afhenda fjölskyldunni (íslenska + móðurmál)
- Hafa til reiðu gagnamöppu í leikskólanum með helstu lykilupplýsingum sem hægt er að grípa til
- Efla áhuga og skilning á menningu annarra þjóða

„Mín upplifun er sú að foreldrar eru jákvæðir ef maður reynir að eiga í samskiptum við þá og sérstaklega ef maður einfaldar mál sitt og notar t.d. íslensku og ensku saman. Mjög mikilvægt að heilsa glaðlega og reyna líka að segja frá einhverju skemmtilegu sem hefur gerst yfir daginn“.

- Mæta hverri fjölskyldu á þeirra forsendum, hafa í huga getu í íslensku, tengslanet og vinnuaðstæður hvers og eins
- Efla þátttöku foreldra af erlendum uppruna í leikskólanum
- Nýta tæknina eins og hægt er, spjaldtölvur og síma
- Passa upp á upplýsingaflæði innan leikskólans
- Sækja um stuðning til bæjaryfirvalda fyrir þau börn sem þurfa
- Leggja rækt við mikil, góð og upplýsandi samskipti við foreldra

Viðtöl við deildarstjóra

Deildarstjórar telja mikilvægt að minnka aðlögunarhópa fyrir börn af erlendum uppruna. Haustið 2017 var ein stór aðlögun, þ.e. öll ný börn byrjuðu á sama tíma, starfsfólki fannst hópurinn of stór og ekki nægur tími til að ná tengslum við fjölskyldurnar. Of lítill tími gafst til að spjalla og gefa upplýsingar maður á mann um starfið. Deildarstjórar vilja að hver fjölskylda fái lykilmanneskju sem hefði ákveðnu hlutverki að gegna í aðlögun og áframhaldandi samskiptum við fjölskylduna, einnig taldi starfsfólk að hægt væri að nýta betur og meira þjónustu túlka bæði í móttökusamtölum og í aðlögunarferlinu. Móttökusamtölin eru mikilvæg til að mynda tengsl og fá upplýsingar um hagi fjölskyldunnar og bakgrunn barnsins, aðlögun ætti því aldrei að hefjast fyrr en því er lokið. Í móttökusamtali ætti að vera skylda að hafa túlk.

Deildarstjórar eru sammála um mikilvægi þess að móta betri verkferla varðandi aðlögun og telja að móttökuáætlun geti ýtt undir meira öryggi í samskiptum foreldra og starfsfólks. Mikilvægt að allir viti til hvers er ætlast í aðlögunarferlinu. Einnig er talað um að auka sjónrænar vísbindingar og skipulag í leikskólanum, það hefur gefið góða raun og auðveldað aðlögun barnanna.

Viðtöl við foreldra

Rætt var við alla foreldra af erlendum uppruna sem byrjuðu með börn í leikskólanum haustið 2017, börnin skiptust niður á þrjár deildir af fjórum það haustið. Foreldrar voru almennt ánægðir með aðlögun barnanna og móttökur í leikskólanum. Þeir fundu fyrir öryggi og jákvæðu andrúmslofti. Foreldrum þótti gott að fá byrjunarviðtal og að fá að skoða skólann áður en aðlögun hófst. Mikil ánægja var með málörvunartíma sem tvítyngd börn fara í þar sem sérstaklega er unnið með það sem upp á vantar í íslenskunni í litlum hópum.

Misjafnt var hvort foreldrar upplifðu menningarmun, á meðan að sumum fannst menningarmunur vera lítill, upplifðu aðrir töluverðan mun. Þar var t.d. nefnt að hér væru of mörg börn á hvern kennara og að of mikil vinna færi í umönnun. Aðrir nefndu mun á veðri og að hér væri farið út í öllum veðrum. Jólalald er öðruvísi og margir uppákomudagar hér sem þarf að þekkja og huga að. Foreldrar voru ánægðir með fjölmeningardaga sem haldnir eru einu sinni í mánuði og fannst ánægjulegt að sjá þeirra tungumáli og landi gert hátt undir höfði. Gaman að sjá myndir frá deginum.

Í viðtölum við foreldra kom fram að flestir töldu sig hafa fengið nægar upplýsingar í upphafi áður en barnið byrjaði og á meðan á aðlögun stóð. Almenn ánægja var með fyrirkomulag á upplýsingaflæði, þ.e. að fá tölvupósta heim með praktískum upplýsingum s.s. dagatali, fréttum og tilkynningum. Foreldrar kunnu að meta dagleg samskipti við kennarana og fannst gott að fá upplýsingar um hvernig gekk í lok dags.

Í ljós kom að þarfir foreldra varðandi samskipti í tölvupósti voru mismunandi en viðtölin gáfu vísbendingar um að gagnlegt væri að senda heim upplýsingar bæði á íslensku og ensku, t.d. talar eitt foreldri um að það hafi farið á mis við upplýsingar sem stóðu í kynningarbréfi deildarinnar sem sent var heim á íslensku þar sem að það skildi ekki nægilega mikið í íslensku til að ná samhengi í textanum. Annað foreldri stakk upp á að lengri póstur kæmu heim á ensku en stuttar orðsendingar á íslensku. Þörfin fyrir ensku sem stuðningsmál virðist vera rík þó að foreldrar vilji fá íslenskuna með líka. Sumir nýta sér Google translate til að þýða það þeir skilja ekki.

Þegar foreldrar eru spurðir hvað megi bæta eru flestir ánægðir með núverandi fyrirkomulag en það sem einna helst er nefnt er að einfalda upplýsingastreymi, bjóða upp á kynningarefni á fleiri tungumálum en íslensku og vanda til verka í byrjunarviðtali við fjölskylduna, þ.e. að þar komi fram allar helstu upplýsingar bæði um leikskólann og leikskólalífið en einnig að foreldrar fái tækifæri til að upplýsa kennara um barnið og bakgrunn þess.

Fundir með MSHA

Læsissteymi Iðavallar og/eða stjórnendur funduðu reglulega með fulltrúum frá Miðstöð skólapróunar. Á þessum fundum veittu fulltrúar MSHA ráðgjöf og stuðning og aðstoðuðu við skipulagningu og mat á verkefninu. Í læsissteyminu er fulltrúi frá hverri deild (fjórar deildir) sem hefur það hlutverk að vera tengiliður verkefnisins við starfsfólk á sinni deild og koma áfram upplýsingum um framgang verkefnisins.

Frávik miðað við áætlun verkefnisins

Í umsókn til Sprotasjóðs var gert ráð fyrir þremur verkþáttum. Gert var ráð fyrir að unnin yrði móttökuáætlun og handbók fyrir erlenda foreldra auk rafrænna orðasafna í smáforritinu Bitsboard. Í ljósi þess að ekki fékkst fullur styrkur var ákveðið að láta fyrri tvo þættina í forgang. Gert er ráð fyrir að markviss vinna með rafrænu orðasöfnin fari í gang á haustönn 2018. Þá mun



samstarf við foreldra varðandi orðalistana hefjast og þeir verða beðnir að lesa inn á þá á sínu móðurmáli. Rafrænum verkefnum verður deilt með foreldrum og haldið námskeið í Bitsboard, þar sem smáforritið og möguleikar þess verða kynntir.

Helstu hindrarnir sem komu upp

Verkefnið gekk vel fyrir sig og komu engar stórar hindranir upp. Betur gekk en áður að finna tíma fyrir málörvunarstundir tvítýngdra barna og með því að bæta 50% starfshlufalli eyrnamerktu verkefninu inn í leikskólann á vorönn 2018 skapaðist meiri tími til að styðja við kennara, halda utan um verkefnið, kynna það, draga saman og fullvinna gögn.

Helstu ávinningar af þróunarverkefninu

Mikil vinna var lögð í að kortleggja hvernig unnið er með aðlögun barna af erlendum uppruna í leikskólanum og móttöku fjölskyldna þeirra, gerð var könnun á meðal starfsfólks og tekin viðtöl bæði við foreldra og kennara til að fá glögga mynd af stöðunni eins og hún var haustið 2017.

Starfsfólk leikskólans lagðist yfir gögnin sem söfnuðust og ígrundaði hvernig gera mætti betur. Ávinningurinn af þessari vinnu var handbók um leikskólalífið fyrir foreldra og móttökuáætlun sem nýtist kennurum til að taka vel á móti fjölskyldum af erlendum uppruna. Vinna við rafræn orðasöfn komst á flug og hefst það samstarfsverkefni heimila og skóla á haustönn 2018.



Mat á verkefninu

Mat á verkefninu mun fara fram á haustönn 2018 að aðlögun lokinni en þá mun aftur verða gerð starfsmannakönnun og tekin viðtöl við foreldra og deildarstjóra til að meta hvernig umbótastarfið gekk og hvernig handbókin og móttökuáætlunin nýttust. Niðurstöður verða bornar saman við gögnin sem safnað var haustið 2017 og efninu breytt og það bætt eftir þörfum.

Niðurstöður og áhrif verkefnisins á skólastarfið

Verkefnið hefur haft jákvæð áhrif á skólastarfið, aukin umræða um málefni barna og foreldra af erlendum uppruna hefur skilað sér í markvissari vinnu og meiri ígrundun í daglegu starfi. Áhrif nýrra verkferla, handbókar og móttökuáætlunar koma ekki í ljós strax þar sem að þessi gögn verða fyrst notuð á skólaárinu 2018-2019 en vonast er til að handbók fyrir foreldra og móttökuáætlun fyrir fjölskyldur muni hafa góð áhrif á starfið og auka öryggi bæði barna, foreldra og starfsfólks. Að sama skapi hefst vinna með rafræn orðasöfn haustið 2018 og verður spennandi að sjá hvernig hún þróast.

Almennt má segja að skilningur og þekking á sérþörfum tvítyngdra barna og þörfum fjölskyldna af erlendum uppruna hafi aukist í skólanum. Tvítyngd börn fá nú meiri einstaklingsmiðun í sínu námi og er þeim mætt þar sem þau eru stödd með auknum stuðningi bæði í litlum hópum og maður á mann. Að sama skapi hefur umburðarlyndi fyrir ólíkum þörfum fjölskyldna aukist og þar með vilji til að mæta fjölskyldum þar sem þær eru staddar, t.d. hvað varðar upplýsingagjöf, menningamun, túlkajónustu og aðlögun inn í skólalífið. Starfsfólk hefur fengið fjölbreytta fræðslu og hefur hún skilað sér í nýsköpun í vinnubrögðum, m.a. í notkun upplýsingatækni til miðlunar, námsefnisgerðar og kennslu. Iðavöllur þakkar Sprotasjóði fyrir styrkveitingu síðustu tvö árin því án stuðnings hefðum við ekki getað unnið þessi verkefni með eins markvissum hætti og raunin er.

Vel gekk að vinna að markmiðum verkefnisins. Unnið var eftir hugmyndafræði lærdómssamfélagsins og lögð áhersla á að raddir allra heyrðust, þ.e. bæði foreldra og kennara. Nú liggur fyrir að prófa þau verkfæri sem orðið hafa til í þróunarvinnunni og mun það verða gert skólaárið 2018-2019. Auk þess sem haldið verður áfram að styrkja tengslin við foreldra af erlendum uppruna m.a. í gegnum vinnuna með orðaþemum sem mun fara á fullt haustið 2018.

Áætlun um kynningu á afrakstri verkefnisins og helstu niðurstöðum

Handbók fyrir foreldra og móttökuáætlun eru aðgengilegar á vef Iðavallar þar sem allir geta skoðað og nýtt gögnin. Auðvelt er fyrir aðra skóla að aðlaga efnið og gera það að sínu.

Verkefnið var kynnt á ráðstefnu um innflytjendamál á Akureyri í apríl 2017. Einnig kynnti starfsmaður Iðavallar verkefnið í föstudagsþætti sjónvarpsstöðvarinnar N4 í apríl 2017.

Verkefnið var einnig kynnt á sameiginlegum námsdegi leikskólanna á Akureyri í október 2017. Við vonumst til þess að geta kynnt verkefnið enn frekar þar sem styrkur var samþykktur frá Sprotasjóði fyrir skólaveturinn 2018-2019. Mikilvægt er að bera út boðskapinn sem víðast.

Búið er að vinna rafrænt námsefni sem miðar að því að efla grunnorðaförða leikskólabarna. Efnið er aðgengilegt fyrir alla í gegnum smáforritið Bitsboard. Leita þarf að Iðavelli í Bitsboard appinu til að gerast áskrifandi að verkefninu. Nýjar myndir og listar munu koma inn síðar á árinu (2018) í Bitsboard í tengslum við verkefnið Orðaleikur sem MSHA er með í þróun.



27. júní 2018

Iris Rún Andersen, verkefnastjóri

Gerður Gísladóttir, leikskólastjóri

Íris Hrönn Kristinsdóttir, MSHA